

Stærðfræði 5. bekkur

Kennarar: Sigríður Sif Grímsdóttir, Sigurborg Geirdal

5

Skólaárið

Skólaárið 2025 - 2026

Helstu námsþættir vetrarins

Áfangalýsing: Haustönn byrjar á upprifjun úr Sprota 4 þar sem farið verður í alla þá námsþætti sem teknir voru fyrir í 4. bekk.

Eftir upprifjun verður farið í námsbók 5. bekkjar. Viðfangsefni stærðfræðinnar eru 8 kaflar talsins. Hver kafli verður byggður upp á svipaðan hátt og leitast verður við að hafa verkefni fjölbreytt og áhugavekjandi/hvetjandi. Stærðfræðibók 5. bekkjar er: Stika 1 a og b verður hún kennd 5 sinnum í viku í vetur.

Uppbygging kennslustunda tekur mið af leiðsagnarmati og áhersla er á fjölbreytta nálgun viðfangsefna. Kennslustundir byggja á innlögnum, samræðum, samvinnuverkefnum, einstaklingsvinnu, spilum og gagnvirkum æfingum.

Kennsluskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

Upprifjun 24.08 - 09.09

1. lota, 1. og 2 kafli.

1. kafli, Heilar tölur. Markmiðin eru að nemendur þekki sætiskerfið og gildi tölustafanna. Geti raða tölum eftir stærð og unnið með reikniaðgerðirnar fjórar.

2. kafli, Tölfræði. Markmiðin eru að nemendur geti unnið með upplýsingar úr tíðnitöflu, búið til tíðnitöflu, svarað spurningum og lesið úr súluriti. Einnig að þekkja og geta fundið miðgildi og tíðasta gildi í talnasafni.

2. lota, Kafli 3 og 4.

3. kafli, Tugabrot. Markmiðin eru að nemendur þekki tíundu- og hundraðshluta og geti raða tölum eftir stærð. Aukið er við þekkinguna á sætiskerfi og gildi tölustafsins. Nemendur eiga að geta bætt við talnarunur, námundað að heilli tölu á samt því að slumpreikna.

4. kafli, Rúmfræði. Markmiðin eru að nemendur þekki heiti og helstu einkenni tvívíðra forma, geti unnið með flutningana speglun, hliðrun og snúningur. Einnig að nemendur þekki og geti unnið með stærð horna, það er að segja þekkir mun á hvössum, gleiðum og réttum hornum ásamt því að geta mælt horn.

3. lota, Kafli 5 og 6.

5. kafli, Mælingar. Markmiðin eru að nemendur geti mælt, breytt á milli mælieininga og reiknað flatarmál og ummál. Einnig að stækkað og minnkað mynd eftir mælikvarða.

6. kafli, Almenn brot. Markmiðin eru að nemendur geti fundið hluta af heild, óþekktu töluna og jafn stór brot. Geti stækkað og minnkað brot til að fá samnefnt brot fyrir samlagningu og frádrátt ásamt því að breyta almennum brotum yfir í tugabrot og öfugt. Einnig að geta fundið prósentu af heild.

4. lota, Kafli 7 og 8.

7. kafli, Margföldun og deiling. Markmiðin eru að nemendur eflist í margföldun og deilingu í gegnum ýmis dæmi.

8. kafli, Mynstur Markmiðin eru að nemendur geti búið til mynstur með speglun, hliðrun og snúning ásamt því að auka við mynstur á kerfisbundin hátt

Námsmat

Námsmat:

Hver kafla byggir á leiðsagnarmati þar sem nemendur fá jafnt og þétt leiðsögn í því hversu vel þeim gengur að ná settum markmiðum. Matið fer fram sem kennaramat (brottfaraspjöld, forkönnun og lokamat) og sjálfsmat.

Prófin í lok hvers kafla munu nýtast sem forkönnun fyrir lokamat. Forkönnun er tekin einni viku fyrir lokamat. Lokamat byggist á efni tveggja kafla (kaflar 1-2, 3-4, 5-6 og 7-8).

Námsgögn

Ljósrit, Stika 1 a og b og gagnvirkar æfingar.